

Nepja (*Brassica rapa var. oleifera* eða *B. campestris var. oleifera*)

Enska; Stubble turnip (none bulbing type), danska; Ryps, norska; Rybs, sænska; Rybs

Tegundalýsing og kjörlendur

Nepja er sumar- eða vetrareinær uprétt og hávaxin káltegund sem er náskyld næpunni. Sameiginlegur forfaðir þeirra er illgresið akurkál (*Brassica campestris*) sem finnst hér sem slæðingur í og við ræktunarlönd. Nepjan er með heiðgulum krónublöðum og útstæðum bikarblöðum í frekar stuttum klösum. Stönglar eru nokkuð greinóttir. Efri stöngulblöðin eru blágræn en neðri blöðin tennt eða sepótt með stórum flipa fremst eða alveg heil, hærð. Nepjan er vex eingöngu í ræktunarlandi þar sem henni er sáð.



Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Nepja er nýleg grænfóðurjurt sem svipar til repju en er ekki eins hávaxin. Hún hefur aðeins verið reynd í tilraunum hér á landi til grænfóðurs og olíufrætekju. Nokkrir bændur eru þó farnir að rækta hana til beitar fyrir kýr og kindur. Vetrarnepjan á að vera heppilegri til beitar en sumarnepjan. Misjafnar sögur fara af reynslu bænda af þessari tegund. Nepja er harðgerð tegund sem hefur svipað fóðurgildi og repja en er ekki eins uppskerumikil og er líkt og aðrar káltegundir viðkvæm fyrir þurrki og káflugu.

Ræktunarleiðbeiningar

Nepja vex best í mýrar- eða moldríkum móajarðvegi. Hún þolir illa sandríkan jarðveg en þó betur en repjan. Best er að sá henni í nýbrotið tún. Plæging er mikilvæg en þar sem nepjan er eingöngu fyrir beit má jarðvinnslan vera að öðru leiti gróf áður en sáð er. Upplýsingar um yrki er að finna í "Nytjaplöntur á Íslandi" (vefrit LbhÍ og BÍ). Þúsundkorna þyngd nepju er um 2-3 g og ráðlagt sáðmagn er 5 – 10 kg. Æskileg sáðdýpt er 1-2 cm og sáðtími í maí og byrjun júní. Sáning nepju er vandasöm og mikilvægt að hún sé jöfn. Vetrarnepja þarf nokkuð mikinn áburð og niðurplægða mykju nýtir hún vel. Upplýsingar um heppilega áburðarskammta fyrir græn fóður má slá upp í Handbók bænda en mikilvægt er að bera vel á af fosfór ef nepjan er ræktuð í nýbrotnu túni.

